

### Ný flokkun efna

Frá og með 1. desember 2010 skal flokkun efna grundvallast á nýrri reglugerð um flokkun, merkingu og pökkun efna og efnablandna í stað reglugerðar nr. 236/1990. Til þess að ný flokkun efna geti átt sér stað verður að kanna hvort nota megi fyrirbyggjandi flokkun eða hvort flokka þurfi efnin á grundvelli hættueiginleika þeirra.

#### *Ábyrgð með flokkun*

Hér er ætlunin að gefa nánari skýringar á því hvernig standa beri að flokkun efna skv. forsendum reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og efnablandna (CLP reglugerð). Skv. II. hluta reglugerðarinnar skal flokka hrein efni og innihaldsefni í efnablöndum á markaði í samræmi við nýjar forsendur flokkunar efna fyrir 1. desember 2010. Flokkun á efnablöndunum sjálfum þarf ekki að ljúka fyrr en 1. júní 2015. Forsendum flokkunar er lýst í viðauka I.

Framleiðendur og innflytjendur (ábyrgðaraðilar) verða nú ábyrgir fyrir flokkun efna en yfirvöld verða áfram ábyrg fyrir flokkun þeirra efna sem flokkuð skulu með samræmdum hætti. Eftirnotendur (framleiðendur efnablandna) hafa auk ábyrgðaraðila það hlutverk að afla þeirra gagna sem hættuflokkun skal grundvallast af.

Við flokkun efna samkvæmt forsendum nýju reglugerðarinnar er þeim sem flokka gefinn sá kostur að færa sér í nyt þá vinnu sem lögð hefur verið í flokkun samkvæmt núgildandi reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og umbúðir eiturefna og hættulegra efna. Meiri vinna felst í að flokka efni sem hafa ekki verið flokkuð vegna þess að eiginleikar þeirra eru enn lítt kunnir. Önnur óflokkuð efni hafa ekki uppfyllt skilyrði fyrir hættuflokkun og þarf þá að meta þau upp á nýtt. Þótt tiltekið efni geti verið óflokkað í dag er það engin trygging fyrir því að efnið verði það líka með tilliti til nýrra flokkunarviðmiða.

#### *Bráðabirgðaflokkun*

Flokkun efna skv. CLP er svipuð bráðabirgðaflokkun (sjálfsflokkun) samkvæmt 3. grein í reglugerð nr. 236/1990 nema hvað nú er flokkunin endanleg og er framkvæmd sameiginlega af fyrirtækjum sem markaðssetja efni. Flokkun efna er komið á framfæri með tilkynningum til Efnastofnunar Evrópu (ECHA) í stað þess að gefinn sé út opinber listi yfir flokkun og merkingu efna.

#### *Leiðir til flokkunar*

Varðandi flokkun efna sem hafa ekki verið flokkuð fyrr er vísað til leiðar III og IV hér fyrir neðan og 5. til 13. grein í II. bálki um flokkun og 2. til 5. hluta í I. viðauka en einnig upplýsinga í leiðbeiningum með reglugerðinni. Fyrirmælin sem gefin eru í reglugerðinni eru ekki alltaf skýr en með því að nota þær leiðbeiningar sem gefnar hafa verið um framkvæmd reglugerðarinnar má átta sig betur á því hvernig fyrirtæki skuli uppfylla skyldur sínar gagnvart reglugerðinni.

Reglugerðin kveður á um að flokkun efna skuli vera á sameiginlegri ábyrgð framleiðenda, innflytjenda og þeirra sem nota efnið í iðnaði og við framleiðslu. Það má skilja sem svo að framleiðandi efnis eigi rétt að fá upplýsingar um hættueiginleika efnisins hjá öðrum aðilum neðar í aðfangakeðjunni. Ef flokka þarf efni frá grunni má hugsa sér ferlið við flokkunina í fernu lagi – söfnun, skoðun, mat og ákvörðun eins og lýst er í leið III hér að neðan. Þó getur þurft að ganga skrefinu lengra og byrja á að framkvæma prófanir eins og lýst er í leið IV. Leiðir I og II eru einfaldari þar sem byggt er á þeirri flokkun efna sem þegar er til.

Til þess að átta sig á hvað felst í upplýsingunum hér að neðan um flokkun efna er mælt með því að þeir sem þetta lesi þekki undirstöðuatriðin varðandi nýja flokkun og merkingu efna eins og hættuflokka, áhrifategundir, undirflokka og helstu atriði varðandi merkingar.

Velja þarf leið úr listanum til að flokka efni eftir því hve miklar upplýsingar eru til um efni eða blöndu, eina eða fleiri leiðir eftir atvikum.

- I. Flokkun efna sem getur þurft að endurskoða – efni í töflu 3.1 í VI. viðauka.
- II. Flokkun efna og efnablandna sem er aðeins til samkvæmt gamla kerfinu – samsvörunartafla í VII. viðauka.
- III. Flokkun efna og efnablandna með því að nota upplýsingar um hættueiginleika til flokkunar.
- IV. Flokkun efna og efnablandna sem engar upplýsingar eru til um.

#### I. Flokkun efna sem getur þurft að endurskoða – efni í töflu 3.1 í VI. viðauka.

Ný flokkun efnis sem er með hættuflokkun fyrir og birt er í efnalistanum í fylgiskjali 1 við reglugerð nr. 236/1990, hefur nú verið þýdd yfir í nýju reglugerðina. Hægt er að nálgast yfirferðan efnalista í viðauka VI í lista 3.1 á bls. 340.\* Sú flokkun er í mörgum tilfellum ekki nógu nákvæm til þess að styðjast megi við hana alfarið úr því ekki er hægt að yfirfæra alla flokkun á milli kerfa með nákvæmum hætti. Hættan vegna eðliseiginleika efna (t.d. eld- og sprengifimi) hefur verið metin upp á nýtt en þegar kemur að heilsu- og umhverfishættu hefur gamla flokkunin verið yfirferð með einföldum hætti yfir í CLP sem getur í mörgum tilfellum ekki gefið rétta útkomu.

## II. Flokkun efna og efnablandna sem er aðeins til samkvæmt gamla kerfinu – samsvörunartafla í VII. viðauka.

Efni sem eru ekki talin upp í VI. viðauka en hefur engu að síður verið flokkuð m.t.t. reglugerðar nr. 236/1990 með bráðabirgðaflokkun eins og lýst er þar í 3. grein, og eins efnablöndur, er heimilt að flokka upp á nýtt með því að beita samsvörunartöflu í VII. viðauka.

Útkoman getur ekki alltaf orðið nákvæm með þessu móti og á það sérstaklega við um efnablöndur sem fengið hafa upprunalega flokkun með útreikningi vegna þess að miðað er við önnur styrkleikamörk í nýju reglugerðinni. Í inngangi viðaukans stendur síðan að nota eigi tiltækar upplýsingar um efni og blöndur til flokkunar áður en samsvörunartöflu er beitt. Efnablöndur þarf ekki að flokka fyrr en 1. júní 2015.

## III. Flokkun efna og efnablandna með því að nota upplýsingar um hættueiginleika til að flokka.

Afla þarf upplýsinga um óflokkuð efni og efnablöndur til að þau megi flokka samkvæmt flokkunarforsendum reglugerðarinnar eða staðfesta að þau þurfi ekki að flokka. Nægir þar að nota þær upplýsingar sem til eru og eru í mörgum tilfellum aðgengilegar í uppfléttiritum og í gagnaböndum á netinu. Ef upplýsingarnar duga ekki til að komast að niðurstöðu um rétta flokkun og merkingu er hægt að ákvarða á grundvelli vægis rökstuddra vísbendinga (*weight of evidence determination*) eins og segir í grein 9.3. og er útskýrt nánar í kafla 1.1.1. í I. viðauka.

Við flokkun efnablandna á að miða við gögn um blönduna sjálfa úr því að það gefur í flestum tilfellum nákvæmari vitneskju um hættuna sem af henni stafar en ef flokkunin er reiknuð út frá flokkun innihaldsefna. Ef gögn um efnablöndu eru ekki til staðar skal beita úrræðum í lið IV hér að neðan. Það verður ekki skýrt nánar að sinni úr því að efnablöndur þarf ekki að flokka samkvæmt CLP fyrr en 2015. Hins vegar þarf að flokka innihaldsefni í efnablöndum eins og blöndurnar sjálfar og er fresturinn aðeins til 1. desember 2010 til að ljúka flokkun innihaldsefna. En þá gildir líka það sem áður hefur komið fram að það nægir að nota aðgengilegar upplýsingar.

## IV. Flokkun efna og efnablandna sem engar upplýsingar eru til um.

Ef engar upplýsingar eru til um efni eða efnablöndu er óhjákvæmilegt að grípa til annarra aðferða. Áður en kemur að prófunum á eiginleikum efnis eða blöndu skal beita aðferðum sem viðurkenndar eru í reglugerðinni með að færa í nyt líkindi við önnur efni eða blöndur. Það eru svokallaðar brúunarreglur (*bridging principles*) sem skýrðar eru í viðauka I.

Reglugerðin gerir greinarmun á prófunum á eðliseiginleikum efna eða eitur- og umhverfishrifum á þann hátt að það skuli afla gagna með prófunum á eðliseiginleikum ef engar upplýsingar reynast vera til en ekki endilega prófanir á eitur- eða umhverfishrifum (sjá nánar í 8. grein).

\*Efnalistinn hefur verið uppfærður með nýjustu breytingum [hér](#).

Þessi grein er byggð á innihaldi reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna. Tilvitnanir í greinar og viðauka eru úr þeirri reglugerð. Að auki var höfð hliðsjón af upplýsingum úr leiðbeiningum frá Efnastofnun Evrópu og opinberum svörum við algengum spurningum. Ætlunin er að uppfæra greinina reglulega og birta dæmi um flokkun efna.